

FRÁSÖGN

af ársfundum ÖSE-þingsins 4.–8. júlí í Haag, Hollandi.

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Arna Lára Jónsdóttir, formaður, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, varaformaður, og Pawel Bartoszek, auk Hildar Edwald ritara. Á dagskrá fundarins var meðal annars staða alþjóðalaga og fjölþjóðasamstarfs á tímum vaxandi öryggisógnna, áframhaldandi árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, þróun mála í Mið austurlöndum, mannréttindi, lýðræði og réttarríkið, auk afgreiðslu ályktana nefndanna þriggja og fjölmargra aukaályktana. Á ársfundinum var Haag-yfirlýsingin samþykkt en hún er sett saman úr ályktunum málefnanefndanna þriggja auk aukaályktana sem lagðar voru fram af þingmönnum. Í yfirlýsingunni er lögð áhersla á að verja lýðræðisleg gildi og alþjóðalög, með sérstakri áherslu á stuðning við Úkraínu, lausn pólitískra fanga og baráttu gegn afturför lýðræðis. Í yfirlýsingunni er krafist verndar mannréttinda og frjálsra fjölmiðla, ásamt því að efla samstarf gegn skipulagðri brotastarfsemi, netglæpum og loftslagsbreytingum, samhliða því að hvetja til gagnsærra lýðræðisferla í aðildarríkjum.

Arna Lára Jónsdóttir sótti stjórnarnefndarfund ÖSE-þingsins en þar var fjárhagsáætlun þingsins samþykkt, ályktunum fundarins vísað til nefnda og innri mál þingsins rædd.

Pere Joan Pons, forseti ÖSE-þingsins, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Í ávarpi sínu fór hann yfir helstu verkefni þingsins á liðnu starfsári og lagði áherslu á mikilvægi kosningaeftirlits, mannréttindastarfs og þingmannasamstarfs á tímum vaxandi spennu í alþjóðamálum. Hann þakkaði jafnframt fyrir stuðning við starfsmenn ÖSE sem enn eru í haldi rússneskra yfirvalda og hvatti aðildarríkin til að halda áfram baráttu fyrir frelsun þeirra. Mei Li Vos, forseti öldungadeildar hollenska þingsins, bauð fundarmenn velkomna til Haag og rifjaði upp sögu borgarinnar sem miðstöðvar alþjóðalaga og alþjóðlegs réttarfars. Hún lagði áherslu á að friður yrði best tryggður með virðingu fyrir alþjóðalögum og að þjóðþing bæru ríka ábyrgð á því að stjórnvöld stæðu við alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Thom van Campen, forseti fulltrúadeildar hollenska þingsins, tók í sama streng og sagði sterkar alþjóðastofnanir forsögu friðsamlegrar lausnar ágreiningsmála. Hann fordæmdi áframhaldandi árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og sagði að öflug alþjóðleg samvinna væri forsenda öryggis í Evrópu.

Forsætisráðherra Hollands, Rob Jetten, lagði áherslu á að Haag væri heimkynni alþjóðlegs réttarfars og að lýðræði og réttarríki yrðu aldrei varin með hervaldi einu saman. Hann sagði innrás Rússlands í Úkraínu mestu ógnina við grundvallarreglur Helsinki-lokagerðarinnar og undirstrikaði að stuðningur við Úkraínu væri jafnframt stuðningur við lýðræði og alþjóðalög. Þá hvatti hann til aukins þrýstings á rússnesk stjórnvöld með refsiaðgerðum, meðal annars gagnvart olíuútflutningi og svokölluðum skuggaflota landsins.

Volodymyr Zelenskyj, forseti Úkraínu, ávarpaði fundinn í fjarfundi. Hann lýsti áframhaldandi eldflauga- og drónaárásum Rússa á úkraínskar borgir og lagði áherslu á brýna þörf landsins fyrir auknar loftvarnir og áframhaldandi pólitískan og hernaðarlegan stuðning bandamanna. Hann hvatti jafnframt þátttökuríki ÖSE til að auka efnahagslegan þrýsting á Rússland og beita sér fyrir heimkomu úkraínskra stríðsfanga og barna sem flutt hafa verið nauðug til Rússlands.

Farah Karimi, formaður hollensku landsdeildarinnar, sagði alþjóðaskipanina standa frammi fyrir miklu álagi vegna stríðsins í Úkraínu, átakanna í Mið austurlöndum og annarra alþjóðlegra áskorana. Hún lagði áherslu á að reglur alþjóðalaga yrðu að gilda jafnt um öll ríki og að lýðræði, mannréttindi og réttarríkið væru óaðskiljanlegar forsendur varanlegs friðar.

Ignazio Cassis, starfandi formaður ÖSE, fjallaði um þær áskoranir sem samtökin standa frammi fyrir vegna versnandi samskipta milli þátttökuríkja. Hann sagði þó að hlutverk ÖSE hefði sjaldan verið mikilvægara en einmitt nú þegar samskipti milli ríkja væru víða rofin. Hann lagði

áherslu á að ÖSE væri enn einn fárra vettvanga þar sem öll þátttökuríki gætu hist við sama borð og rætt sameiginleg viðfangsefni. Á þingfundinum voru á dagskrá fyrirspurnir til starfandi formanns ÖSE þar sem meðal annars var fjallað um stöðu alþjóðalaga, mikilvægi fjölþjóðasamstarfs og þróun mála í Palestínu. Nokkrar umræður urðu um þá ákvörðun fastanefndar að taka ekki sérstaka aukaályktun um Palestínu á dagskrá fundarins og töldu ýmsir þingmenn mikilvægt að alþjóðalög giltu jafnt um öll ríki.

Petra Bayr, forseti Evrópuráðsþingsins, ávarpaði einnig þingið. Hún sagði að alþjóðalög væru ekki veik heldur væri vilji ríkja til að framfylgja þeim víða að dala. Hún lagði ríka áherslu á ábyrgð vegna stríðsglæpa, mikilvægi alþjóðlegra dómstóla og nauðsyn náins samstarfs milli alþjóðastofnana við að verja lýðræði, mannréttindi og réttarrikið.

Málefnanefndirnar þrjár tóku fyrir ályktanir framsögumanna nefndanna og einnig aukaályktanir á sínu málefnasviði auk þess sem kosið var í embætti nefndanna. Arna Lára Jónsdóttir tók þátt í störfum 1. nefndar, nefndar um stjórnámál og öryggismál. Í umræðum um drög að ályktun nefndarinnar var einkum fjallað um innrás Rússlands í Úkraínu og áhrif hennar á evrópskt og alþjóðlegt öryggi. Rætt var um mikilvægi þess að virða fullveldi ríkja og friðhelgi landamæra, efla stuðning við Úkraínu og tryggja ábyrgð á brotum gegn alþjóðalögum. Jafnframt var fjallað um öryggi á norðurslóðum, upplýsingaóreiðu, stöðu þriggja ÖSE-starfsmanna í haldi í Rússlandi og mikilvægi samræðna og diplómátskra lausna á alþjóðlegum deilum. Teknar voru fyrir tvær viðbótarályktanir, annars vegar um aðgerðir gegn öfgavæðingu ungs fólks á netinu og hins vegar um aukið samstarf í baráttunni gegn fíkniefnasmygli og skipulagðri glæpastarfsemi. Tom Berendsen utanríkisráðherra Hollands, ávarpaði fund 1. nefndar. Í ávarpi sínu lagði hann áherslu á mikilvægi Helsinki-lokagerðarinnar sem væri grunnur að friði, öryggi og samvinnu í Evrópu undanfarin 50 ár. Hann sagði að núverandi öryggisumhverfi einkenndist af aukinni spennu, minnkandi trausti milli ríkja, lýðræðislegri afturför, upplýsingaóreiðu og veikingu samninga um vígbúnaðareftirlit, sem gerði hlutverk ÖSE mikilvægara en nokkru sinni fyrr. Hann fordæmdi innrás Rússlands í Úkraínu sem skýrt brot á grundvallarreglum alþjóðalaga og hvatti til áframhaldandi stuðnings við Úkraínu, aukinna refsiaðgerða gegn Rússlandi og ábyrgðar þeirra sem bæru ábyrgð á stríðsglæpum, þar á meðal brottnámi úkraínskra barna. Jafnframt lagði hann áherslu á mikilvægi þingmannasamstarfs, kosningaeftirlits, vettvangsstarfs ÖSE, frjálsra fjölmiðla og öflugs borgaralegs samfélags við að verja lýðræði og öryggi á ÖSE-svæðinu. Að lokum var Joe Wilson kjörinn formaður nefndarinnar, Jevrosima Pejovoc var kjörin varaformaður og Tobias Winkler var kjörinn skýrsluhöfundur.

Í störfum 2. nefndar, nefndar um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál, var tekin fyrir ályktun nefndarinnar þar sem einkum var fjallað um efnahagslegt öryggi, tækniframfarir og umhverfislegar áskoranir á ÖSE-svæðinu. Í umræðum var lögð áhersla á mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu til að efla efnahagslega seiglu, tryggja sjálfbæra þróun og takast á við áhrif loftslagsbreytinga. Þá var rætt um mikilvægi orku- og fæðuöryggis, verndun viðkvæmra svæða, þar á meðal á norðurslóðum, auk þess sem fjallað var um áhrif nýrrar tækni og gervigreindar á samfélög, öryggi og efnahagsmál. Fjórar viðbótarályktanir voru teknar fyrir á sviði nefndarinnar. Þær fjölluðu meðal annars um mikilvægi þess að setja ungt fólk í miðju stefnumótunar við lýðræðisþróun, öryggi og mannauðsuppbyggingu í ljósi lýðfræðilegra breytinga, aðgerðir gegn fjármálaþvingunum og misnotkun alþjóðlegra kerfa, aukið samstarf um stjórnun gervigreindar innan ÖSE-svæðisins og mikilvægi aðgengilegs húsnæðis sem hluta af stefnu um þátttöku ungs fólks í friðar- og öryggismálum. Að lokum fór fram embættiskjör þar sem Azay Guliyev var kjörinn formaður nefndarinnar, Artur Gerasymov kjörinn varaformaður og Paula Cardoso kjörin skýrsluhöfundur.

Pawel Bartoszek tók þátt í störfum 3. nefndar, nefndar um lýðræði, mannréttindi og mannúðarmál. Þar var fjallað um stöðu mannréttinda og lýðræðis á ÖSE-svæðinu. Tekin var fyrir skýrsla nefndarinnar og drög að ályktun þar sem meðal annars var fjallað um lýðræðislega afturför, vernd réttaríkisins, tjáningarfrelsi, upplýsingaóreiðu og mikilvægi frjálsra fjölmiðla. Mikil áhersla var lögð á stríð Rússlands gegn Úkraínu, mannúðaráhrif þess, brott nám úkraínskra

barna og mikilvægi þess að tryggja ábyrgð vegna alvarlegra brota á alþjóðalögum. Þá var einnig rætt um mannúðarástand í Mið-Austurlöndum, stöðu viðkvæmra hópa, fólksflutninga og baráttuna gegn mansali. Í umræðum var lögð áhersla á mikilvægi lýðræðislegra stofnana ÖSE, einkum Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE (ODIHR), fulltrúa ÖSE um frelsi fjölmiðla og vettvangsstarfs stofnunarinnar. Jafnframt var fjallað um áhrif gervigreindar, netógnar og upplýsingaóreiðu á lýðræðisleg ferli og kosningar. Drög að ályktun nefndarinnar voru samþykkt með breytingartillögum. Fimm viðbótarályktanir voru teknar fyrir á sviði nefndarinnar. Þær fjölluðu um mansal og nútímaþrælkun og mikilvægi aukins samstarfs ríkja gegn slíkri glæpastarfsemi, vernd réttmætra kosninga og grundvallarfrelsis í Georgíu, áframhaldandi brot gegn fjölmiðlafólki og réttindum þess í tengslum við innrás Rússlands í Úkraínu, stöðu mannréttinda í Belarús í samhengi við svæðisbundið öryggi, auk stöðu þjóðarbrotar og frumbyggja í Rússlandi. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að efla lýðræði, mannréttindi og alþjóðlegt samstarf sem grundvöll friðar og öryggis á ÖSE-svæðinu. Að lokum var Sargis Khandanyan kjörinn formaður nefndarinnar, Christine Blower („The Baroness Blower“) var kjörin varaformaður og Mpanzu Bamenga var kjörinn skýrsluhöfundur.

Auk þess að samþykkja Haag-yfirlýsinguna á þingfundi fór fram opin umræða um alþjóðalög og sameiginleg gildi: grundvöllur öryggis og samvinnu á ÖSE-svæðinu. Í umræðunum var lögð áhersla á mikilvægi þess að standa vörð um meginreglur Helsinki-lokagerðarinnar og virðingu fyrir alþjóðalögum á tímum aukinnar spennu og óstöðugleika. Rætt var um vaxandi áskoranir við alþjóðlegt regluverk og lög. Fjallað var um stríð Rússlands gegn Úkraínu, brot á mannréttindum, árásir á óbreytta borgara, upplýsingaóreiðu og netógnir. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að draga brotamenn alþjóðalaga til ábyrgðar, stuðning við Úkraínu og hlutverk ÖSE í að efla lýðræði, mannréttindi, frjálsa fjölmiðla og kosningaeftirlit. Þá var fjallað um mikilvægi þess að alþjóðalög giltu jafnt fyrir öll ríki og ástandið í Miðausturlöndum. Jafnframt var rætt um mikilvægi aukinnar samvinnu ríkja á sviði netöryggis, verndar borgaralegs samfélags og eflingar fjölþjóðlegs samstarfs til að tryggja frið og öryggi á ÖSE-svæðinu. Pawel Bartoszek tók þátt í umræðunum. Í ræðu sinni lagði hann áherslu á áframhaldandi stuðning Íslands við Úkraínu vegna innrásar Rússlands og mikilvægi þess að virða alþjóðalög. Hann benti á að skýrar lagalegar grundvallarreglur væru nauðsynlegar til að tryggja ábyrgð þeirra sem framið hefðu alvarleg brot, en að öryggi Evrópu til lengri tíma yrði ekki tryggt með lagalegum skuldbindingum einum saman. Nauðsynlegt væri að styrkja sameiginleg öryggisviðmið, vestræn tengsl og samstarf innan Evrópu og Atlantshafsbandalagsins. Þá lagði hann áherslu á að ríki yrðu að hafa frelsi til að velja eigin framtíð og að áframhaldandi stríð í Úkraínu ætti rætur að rekja til viðleitni fólks til að losna undan áhrifasvæði Rússlands.

Á þingfundinum voru fluttar skýrslur um kosningaeftirlit í Armeníu, Moldóvu og Ungverjalandi, auk þess sem fulltrúar sérnefnda fluttu skýrslu um störf sín. Þá voru fjórir nýir varaforsetar ÖSE-þingsins kjörnir.

Samhliða ársfundinum tóku Arna Lára Jónsdóttir og Pawel Bartoszek þátt í fundi landsdeilda NB8-ríkjanna. Arna Lára Jónsdóttir tók einnig þátt í fundi landsdeilda NB8-ríkjanna með landsdeild Bandaríkjanna þar sem m.a. var rætt um stríðið í Úkraínu, stöðuna í Grænlandi og NATO-samstarfið.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu oscepa.org/en/

